

134. Þingflokksfundur, 28. október kl. 13.00

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn.
Alla ritar fundargerð.

1. Gestir - losun hafta

Birgitta gerði grein fyrir samtali við fulltrúa frá InDefence og vill fá þá á fund. Birgitta ætlar líka að ræða við fleiri aðila um málið. Helgi lagði til að fá breiðan hóp til að skoða málið frá öllum hliðum.

Ásta sagði frá því að hennar skilningur úr efnahags- og viðskiptanefnd væri sá að samningurinn í heild verði ekki til umræðu í þinginu.

2. Tilnefning í nefnd um ritun hvítbókar í samgöngumálum

Ákveðið að biðja Þórgný Thoroddsen.

3. Ferðir þingmanna á næstu vikum - Innkoma varamanna

Ásta fer á Copy Camp frá miðvikudag til föstudags í næstu viku en tekur ekki inn varamann.

Haldóra kemur inn 9. eða 16. nóvember. Ásta fer kannski út 15. nóvember í aðra höfundaréttarferð.

Birgitta fer út vegna World Technology Awards. 19. til 20. nóvember. Umhverfisráðstefnan í París verður í byrjun desember, gert er ráð fyrir að Íslandsdeild IPU fari á hana. Ekki ljóst hvort Björn Leví komi þá inn fyrir Birgittu, en líklegt.

4. Ályktunin hjá IPU, hvernig við getum notað hana

Ákveðið var að taka ályktunina til nánari umfjöllunar á þingflokksfundum nk. mánudag.

5. Sérstakar umræður

Helgi Hrafn biður um sérstakar umræður um verðtryggingu við fjármálaráðherra.

6. Nefndadagur á morgun

Alla mun óska eftir því dagskrár nefndafunda verði sendar á piratar@althingi.is.

7. Eldri borgarar

Almennar umræður um erindi tölvupósts og boðs um hádegiskynningu og líka almennt um eldri borgara og stefnumál Pírata. Birgitta mun taka fundinn.

8. Opið bókhald þingflokks

Alla sendir drög að yfirliti á þingflokk.

9. ADHD - ég er heppinn ég var greindur

Vilji er hjá þingflokki að styðja aukið fjármagn í greinigar á ADHD. Berglind heldur utan um breytingartillögu óskir okkar.

10. Fyrirframgreidd námslán hjá börnkum

Ákveðið var að leggja fram munnlegar fyrirspurnir um fyrirframgreidd námslán (Ásta), um tryggingar v. húsaleigu (Birgitta) og smálán (Helgi Hrafn).

11. Önnur mál

Birgitta bað um að fjárhagsmálefni RÚV yrði sett á dagskrá. Útafstandandi mál verða sett á dagskrá næsta fundar.

Þessi mál verða flutt til næsta fundar:

12. UTmessan - tillögur að fyrirlestrum og sýningarplássi

13. Fundur með SFH og KVENN - vinnsla úr upplýsingum frá fundi.

14. Stefna í stóru málunum (grein í morgunbl - BJ)

15. Landsfundur XD og auðlindaákvæði (BJ)

16. Eyðing gagna í stjórnsýslunni (grein í Morgunblaðinu - BJ)